

EFTIRLITSSKÝRSLA

Elkem Ísland ehf. Hvalfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	15.11.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Elkem Ísland ehf.	Eftirlitsmaður	Einar Halldórsson
Heimili	Grundartanga	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	6406750209	Flokkur	Kísilverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Sigurjón Svavarsson	ÍSAT nr.	24.10.0
Fulltrúi fyrirtækis	Þorsteinn Hannesson	Staðsetning	365514,62 431317,984

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu voru staðfest eitt frávik frá starfsleyfi og þrjár athugasemdir voru gerðar við starfsemina.

Unnið er samkvæmt úrbótaáætlun varðandi skráningar og mælingar í útblæstri og endurbætur á skýrslugjöf. Umhverfisstofnun óskar eftir að mælingar verði gerðar í útblæstri allra ryksafnara á fyrri hluta ársins 2017 og að stofnuninni séu sendar niðurstöðurnar þegar þær liggja fyrir.

Uppfæra þarf áætlanir, þ.e. mæliáætlun, áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda og áætlun um nýtingu aukaafurða og úrgangs og umhverfsvöktunaráætlun.

UMFANG EFTIRLITS

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Samþykkt áætlana.
2. Móttaka á eldhúð og öðrum úrgangi.
3. Frárennslisreinsun af lóð Elkem.
4. Uppfærsla á rykmódeli.
5. Skoðunarferð.

1. Áætlun vegna rekstrarstöðvunar (tímabundinnar og varanlegrar) er samþykkt af hálfu Umhverfisstofnunar.

Mæliáætlun er í endurskoðun og ræddar voru athugasemdir sem gerðar voru við tillöguna sem send var Umhverfisstofnun 29. október sl. Rekstraraðili kynnti tillögu að uppfærðri mæliáætlun og óskar stofnunin eftir að fá þá tillögu senda.

Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda er í endurskoðunarferli hjá fyrirtækinu og er gert ráð fyrir að geta sent Umhverfisstofnun uppfærða áætlun fyrir lok árs 2016.

Áætlun um nýtingu aukaafurða og úrgangs þarfnast endurskoðunar. Skilgreina þarf betur aukaafurðir og úrgang í samræmi við lög og reglugerðir og óskar stofnunin eftir uppfærðu eintaki samhliða nýju starfsleyfi sem er í vinnslu.

Umhverfsvöktunaráætlun er í endurskoðun. Unnið er að undirbúningi uppfærslu á loftdreifingu SO₂ í útblæstri. Umhverfisstofnun mun auglýsa áætlunina og óska eftir athugasemdum við tillöguna að umhverfsvöktunaráætluninni.

2. Eitt af hráefnum í Elkem er eldhúð sem allajafna er aukaafurð í stálvölsun. Birgi frá Finnlandi skilgreinir þessa afurð sem úrgangur og óskaði rekstraraðili því eftir undanþágu frá starfsleyfi til umhverfis og auðlindaráðuneytisins, til að taka við þeim úrgangi og endurvinna.

3. Lagðar voru fram teikningar af lóðinni og frárennsliskerfi af henni. Stærstur hluti lóðarinnar er stept og leitt í frárennslislögnum í hreinsibúnað. Árið 2013 var ráðist í endurbætur á frárennslinu þar sem að bætt var m.a. við sandsíu fyrir utan deigluverkstæði og á aðalfrárennslislögn frá lóðinni. Gott viðhald er á frárennsliskerfinu. Á hluta lóðarinnar er malarplan þar sem geymdur er m.a. annars flokks framleiðsluafurðir og framleiðsluúrgangur. Um er að ræða bráðabigða geymslustað fyrir framleiðsluúrganginn sem urðaður er í flæðigryfju mánaðarlega. Meðfram lóðarmörkum verksmiðjunnar norðan og austan við er skurður sem rennur í gegnum síubúnað og svo inn á hreinsibúnað frárennsliskerfisins.

4. Þá var rætt um mat og mælingar á losun í útblæstri frá verksmiðjunni. Á árinu er búið að fara í gagngera endurskoðun á mælingum og mati á ryklosun og skráningar hafa verið bættar. Uppfæra þarf reiknilforsendur ryklíkans, þ.e. skjal sem tekur saman niðurstöður mælinga og mats á losuninni og reiknar saman áætlaða heildarlosun ryks frá verksmiðjunni. Mælingar eru fyrirhugaðar á fyrri hluta ársins 2017 frá öllum mælistöðum og taka þarf þær niðurstöður inn í útreikningana á losuninni. Þá skal endurskoða mat á losun frá meðhöndlun hráefna.

Þá er áætlað að setja upp eftirlitsmyndavél við reykhreinsivirki í þeim tilgangi að gera eftirlit með virkni þess (sjónmat á losun) skilvirkari. Rætt var um varðveislu myndefnis á myndavélunum en mikilvægt er að haldið sé upp á gögnin svo hægt sé að skoða aftur í tímann hvernig losunin er og áreiðanleika skráninga. Þá var einnig skoðaðar skráningar á losun SO₂ frá verksmiðjunni það sem af er ári.

5. Að lokum var farið í skoðunarferð um lóðina. Gengið var um gámavöll (flokknarsvæði) en Gámapjónusta Vesturlands sér um losun frá honum en rekstraraðili sér um rekstur hans. Einnig var litið á lóð norðan/austan við ofnhús þar sem að framleiðsluúrgangur er geymdur á malarplani. Einnig var gengið um hráefnasvæðið. Gengið var meðfram fráveituskurði norð/austan við verksmiðjuna. Við enda skurðarins, austan megin við hráefnisgeymslur eldhúðar var nokkuð stór pollur. Svolítið var um lausadrasl í og við skurðinn sem hefur líklega fokið í haustlægðunum. Alla jafna eru lóðin og skurðurinn hreinsaður á vorin. Að lokum var gengið að þró þar sem að uppsóp af ryki frá framleiðslu og set úr setþró er geymt áður en það er endurnýtt.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Grein 2.3 í starfsleyfi	Deigluhreinsun fer fram utandyra á malarplani án nokkurs hreinsibúnaðar. Nokkur rykmengun verður við deiglubrotið sem þó stendur yfir í stutta stund hverju sinni. Hönnun og rekstur verksmiðjunnar skal miðast við að halda rykmengun í lágmarki. Lofti frá ofnum, töppun, málmíblöndunarstöð, málmhreinsun og útsteypu á hringekju og steypubeltum skal safna á skilvirkan hátt og hreinsa.

ATHUGASEMDIR

Framleiðsluúrgangur/afurðir m.a. skolli og uppsóp sem og timburflís er geymt að hluta til á malarplani norðan við ofnhúsið áður en það er urðað í flæðigryfju en norðan við malarplanið er fráveituskurður sem leiðir frárennslið í síubúnað og hreinsikerfi. Umhverfisstofnun óskar eftir upplýsingum um efnainnihald framleiðsluúrgangsins sem geymdur er á malarplaninu.

Í mælingum á iðnaðarfrárennsli frá mælist ál yfir losunarmörkum (kg/ári). Rekstraraðili sendi inn greinagerð varðandi uppruna áls í ferlum hjá sér en samvæmt greinagerðinni er ál einungis í mjög takmörkuðu magni í hráefnum og stafar því að líkindum ekki nema að litlu leiti af starfsemi Elkem.

Samkvæmt ákvæðum starfsleyfis skal flutningsbúnaður hráefnis vera yfirbyggður og lokaður til að lágmarka rykmyndun eða efnið vætt. Við skoðun á flutningabúnaði frá löndunarbúnaði sést að hann er farinn að ganga til ára sinna og viðá eru plötur götöttar eða ryðgaðar í sundur.

ANNAÐ

Rekstraraðili lagði fram ósk um fækkun sýnatekna í kælivatni þar sem að um lokað kerfi er að ræða. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fyrst og fremst séu gerðar mælingar þegar kælivatn er losað í frárennsli og mælist því að miðað verði við að mælingar séu gerðar þegar losun á sér stað.

Rekstraraðili hefur einnig beðið um nánari upplýsingar varðandi frávik frá grein 2.3 í starfsleyfi. Stofnunin hefur samþykkt tímabundið breytt verklag varðandi deigluhreinsun en óskar jafnframt eftir tímaáætlun á því að allir ryklosandi ferlar verði innandyra með afsogi.

Reykjavík, 02.02.2017

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Halla Einarsdóttir

Halla Einarsdóttir